

Reykjavík, 16. mars, 2012

Framtíðarstefna Bankasýslu ríkisins

Inngangur

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Stofnunin, sem tók til starfa í ársbyrjun 2010, er ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn er heyrir undir fjármálaráðherra. Í kjölfar skipunar nýrrar stjórnar og ráðningar nýs forstjóra stofnunarinnar undir lok ársins 2011 hefur Bankasýsla ríkisins mótað framtíðarstefnu og ráðist í nánari útfærslu á hlutverki sínu og starfsáætlun.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum í þessari stefnumótun Bankasýslunnar. Gerð er grein fyrir framtíðarsýn stofnunarinnar og framtíðarstefnu og rakið hvernig hún telur rétt að staðið verði að því að endurheimta eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, jafnt varðandi endurheimtuaðferðir sem endurheimtuferli.

Þá er í sérstökum viðauka tekið dæmi af því hvernig staðið var að sölu á eignarhlut norska ríkisins í fjármálafyrirtækjum í kjölfar bankakreppunnar í Noregi við upphaf tíunda áratugar síðustu aldar.

■ Framtíðarsýn

Ríkið gegnir nú tveimur hlutverkum gagnvart fjármálafyrirtækjum, annars vegar eftirlitshlutverki og hins vegar eigendahlutverki.

Eigendahlutverki ríkisins er framfylgt af fjármálaráðuneytinu og Bankasýslu ríkisins, sbr. lög nr. 88/2009¹ (Bankasýslulögin) og eigendastefnu ríkisins², sem lögin vitna til. Eftirlitshlutverk ríkisins gagnvart fjármálafyrirtækjum er í höndum Fjármálaeftirlitsins (FME) og Seðlabanka Íslands.

Í stefnumótun sinni hefur Bankasýslan útfært lögbundið hlutverk sitt með þrennum hætti:

- (a) eigendahlutverk
- (b) endursöluhlutverk
- (c) endurreisnarhlutverk

Stofnunin hefur markað sér stefnu fyrir hvert þessara þriggja hlutverka og er framtíðarsýn stofnunarinnar að *endurreisa íslenska fjármálakerfið og að endurheimta traust þess á innlendum og alþjóðlegum vettvangi, með þjóðfélagslegan ábata að leiðarljósi.*

¹Sjá <http://www.althingi.is/altext/stjt/2009.088.html>

²Sjá http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Eigandastefna_rikisins_01092009.pdf

■ Eigendahlutverk

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum, sbr. a-lið 4.gr. Bankasýslulaganna, í samræmi við eigendastefnu ríkisins hverju sinni, sbr. c-lið sömu greinar. Aðalmarkmið framangreindrar eigendastefnu er þrjúþætt: (a) að byggja upp heilbrigt og öflugt fjármálakerfi, (b) að auka trúverðugleika á íslenskum fjármálamarkaði og (c) að tryggja að ríkið fái arð af fjárfestingu sinni. Til að ná framangreindum markmiðum eigendastefnunnar gerir Bankasýsla ríkisins samning við stjórnir hlutaðeigandi fyrirtækja um sérstök og almenn markmið í rekstri og fylgir þeim eftir.

Það er hlutverk Bankasýslu ríkisins, að vera virkur eigandi í fjármálafyrirtækjum, sem stofnunin fer með eignarhluti í, að leitast við að bæta stjórnarhætti þeirra og upplýsingagjöf til hluthafa, og að tryggja að ákvæðum hluthafasamkomulaga sé framfylgt. Stofnunin leggur áherslu á að eiga gott samstarf við meðeigendur fjármálafyrirtækjanna og stjórnendur, en einnig að veita þeim viðhlítandi aðhald.

■ Endursöluhlutverk

Það er stefna Bankasýslu ríkisins að stuðla að fjölbreyttu eignarhaldi fjármálafyrirtækja við sölu á þeim. Bankasýslan stefnir jafnframt að því að hámarka arð ríkisins af fjárframlögum þess, með tilliti til áhættu, hvort sem er í eigendahlutverki eða endursöluhlutverki.

■ Endurreisnarhlutverk

Í Bankasýslulögunum er lögð áhersla á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar, gagnsæi í ákvörðunartöku og virka og eðlilega samkeppni á fjármálamarkaði, sbr. 1. gr. laganna. Bankasýslan hefur einnig sett sér það markmið að vera virkur aðili í miðlun þekkingar og umræðu um lausnir í íslenska bankakerfinu, jafnt gagnvart íslensku samfélagi sem alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Miklu skiptir við endurreisn íslenska fjármálakerfisins að umræða byggist á staðreyndum og virku upplýsingaflæði. Þannig má byggja upp tiltrú á íslensku fjármálakerfi og jafnvel glæða áhuga erlendra fjárfesta á eignarhlutum í íslenskum bönkum.

Eignarhlutir ríkisins í fjármálafyrirtækjum

Bankasýsla ríkisins hefur mótað stefnu um sölu eignarhluta ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum. Þar er stuðst við þá stefnumörkun er fram kemur í ritinu „Ríkisbúskapurinn 2012-2015: Skýrsla um áætlun í ríkisfjármálum³“, sem fjármálaráðuneytið birti í október á síðasta ári. Þá skilaði starfshópur forsætisráðherra skýrslunni „Sala ríkisins á eignarhlutum í fyrirtækjum og sala fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins á eignarhlutum í fyrirtækjum⁴“ í febrúar sl.

■ Fjárframlög ríkisins til fjármálafyrirtækja

Í kjölfar falls íslenska bankakerfisins í október 2008 lagði ríkið fram eiginfjárframlag til Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. Eiginfjárframlag til Arion banka hf. og Íslandsbanka hf. var í formi hlutafjár og víkjandi lána en eiginfjárframlag ríkisins til Landsbankans hf. var einungis í formi hlutafjár. Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í þessum þremur viðskiptaböndum, svo og stofnfjárhluti í fimm sparisjóðum, sbr. eftirfarandi töflu :

Tafla 1: Bókfært virði eiginfjárfáttaframlaga ríkisins til fjármálafyrirtækja (í milljónum króna)

Fjármálafyrirtæki	Bókfært virði	% hlutur
Landsbankinn hf.	122.000	81,3%
Arion banki hf.	9.862	13,0%
Íslandsbanki hf.	<u>6.332</u>	5,0%
Samtals hlutafé í viðskiptaböndum	138.194	
Sparisjóður Vestmannaeyja	555	55,7%
Sparisjóður Bolungarvíkur	543	90,9%
Sparisjóður Svarfdæla	382	90,0%
Sparisjóður Norðfjarðar	150	49,5%
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis	<u>105</u>	75,9%
Samtals stofnfé í sparisjóðum	1.735	
Víkjandi lán til Arion banka hf. og Íslandsbanka hf.	<u>60.751</u>	
Samtals bein fjárframlög	200.680	

Heimild: Ríkisreikningur 2010 og ríkisreikningur 2009. Í lok árs 2010.

Í árslok 2010 námu fjárhagslegar kröfur íslenska ríkisins á ofangreind fjármálafyrirtæki samtals 200,7 milljörðum króna, en á sama tíma námu heildareignir þess 1.045 milljörðum króna. Kröfur á fjármálafyrirtækin námu því fimmtungi af heildareignum ríkisins. Til viðbótar fer Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. með ýmsar almennar kröfur á fjármálafyrirtæki, bæði starfandi og í slitameðferð, samtals að fjárhæð 396 milljarðar króna í árslok 2010.

³ Sjá http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/utgafa/Rikisbuskapurinn_2012_2015.pdf.

⁴ Sjá <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/utgefidefni/skyrsla-sala-a-eignarhluta-rikis.pdf>.

■ Endurheimtur eignarluta

Í ljósi þessara miklu fjárhagslegu hagsmuna er mikilvægt að draga úr áhættu ríkisins gagnvart fjármálafyrirtækjum með ábyrgum og faglegum hætti. Það er stefna Bankasýslu ríkisins að standa fyrir opnu og gagnsæju sölufarli á eignarhlutum, að hámarka verð eignarluta og þann arð sem fjárframlög ríkisins til fjármálafyrirtækja gefa hverju sinni, og stuðla að sem fjölbreyttustu eignarhaldi á fjármálafyrirtækjum í framtíðinni.

Bankasýsla ríkisins hefur metið bæði beinar og óbeinar aðferðir við endurheimtur þessara eignarluta, sem vel geta komið til greina, einar og sér, eða samtvinnuðar. Til dæmis hefur sala fyrirtækja á alþjóðlegum vettvangi oft verið framkvæmd eftir svokölluðu tvíbreiðu (*dual-track*) sölufarli, þar sem samhliða er litið til skráningar hlutabréfa og opins sölufarlis, með sölu til annarra fjárfesta (fagfjárfesta eða fyrirtækja í sambærilegum rekstri), en önnur hvor aðferðin valin að lokum. Kostir tvíbreiðs sölufarlis eru þeir að meiri líkur eru á að hámarks verð fáiist fyrir eignarhlutinn, staða seljanda gagnvart væntanlegum fagfjárfestum styrkist og seljandi er ekki eins háður markaðsaðstæðum eins og ef um skráningu einvörðungu væri að ræða. Gallarnir eru hins vegar mikill kostnaður við ferlið, og ríkar kröfur um upplýsingaflæði til áhugasamra kaupenda sem eru oft keppinautar á markaði. Er útfærsla endurheimtuaðferða, kostir og gallar, rædd í næsta kafla.

Mögulegar leiðir við endurheimtu eignarhluta

Ríkið getur endurheimt þau fjárframlög sem bundin eru í eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum með margs konar hætti. Í þessum kafla eru raktar helstu leiðir sem færar eru við endurheimtur á eignarhlutum.

■ Skráning á hlutabréfamarkað

Skráningu á hlutabréfamarkað fylgja margir kostir, eins og virkur eftirmarkaður með hlutabréfin og lögbundin vernd smærri hluthafa með kröfum um upplýsingagjöf og yfirtökuskyldu. Með því batnar aðhald markaðar og eigenda með stjórnendum fyrirtækis, fyrirtækið öðlast tækifæri til frekari vaxtar og auðveldara er fyrir eigendur að stjórna fjárhagslegri áhættu sinni gagnvart fyrirtækinu með frekari kaupum eða sölu á hlutabréfum. Helstu gallar skráningar á markað eru mikill kostnaður og óvissa um endanlegt verð sem fengist fyrir eignarhlutinn, þegar engin sambærileg fyrirtæki eru á markaði.

Skráning eignarhluta getur verið einhliða á innlandan markað, eða samhliða á innlandan og erlendan markað. Samhliða skráning verður að eiga sér stað á markaði, sem viðkomandi fjármálafyrirtæki getur með rökum kallað heimamarkað. Tryggja verður að ekki myndist óeðlilegt verðbil á milli innlands og erlends markaðar. Skráning eignarhlutar á erlendum markaði þarf einnig að vera það umfangsmikil að virkur eftirmarkaður myndist með hlutabréfin, á hvorum markaði fyrir sig.

■ Sala til erlendra banka

Bankasýsla ríkisins telur mikilvægt að sannreyna áhuga erlendra banka á að fjárfesta í innlendum fjármálafyrirtækjum, en hann hefur verið takmarkaður hingað til. Kostir erlendrar fjárfestingar eru þeir að auðveldara yrði fyrir innlend fyrirtæki að ná í alþjóðlegt fjármagn, að samkeppni á markaði myndi líklega aukast og að með sölunni væri unnt að flýta fyrir afléttingu gjaldeyrishafta. Sala til erlendra banka færi aðeins fram að undangengnu opnu söluferli.

Gallinn við þessa aðferð við núverandi aðstæður er að afkoma og hlutabréfaverð erlendra banka hafa verið óviðunandi upp á síðkastið. Erlendir bankar hafa verið að selja jaðareignir, endurmeta lánasöfn sín í kjölfar ríkjaskuldakreppunnar í Evrópu, endurskipuleggja rekstur sinn og endurfjármagna í samræmi við nýja löggjöf. Einnig er ólíklegt að bankar, sem einbeita sér að sínum eigin heimamarkaði, séu líklegir til að fjárfesta í íslenskum banka. Loks ber að hafa í huga að erlendir bankar vilja alla jafna eignast ráðandi hlut í fjármálafyrirtæki, en ekki minni hluta.

■ Sala til fagfjárfesta

Bankasýsla ríkisins mun vega og meta kosti þess að selja eignarhluti til innlendra lífeyrissjóða, annarra fagfjárfesta, eða sérhæfðra alþjóðlegra fjárfesta í fjármálafyrirtækjum. Sala til slíkra aðila færi einnig fram að undangengnu opnu söluferli. Þess ber að geta, að allir fjárfestar, sem vilja eignast ráðandi hlut í fjármálafyrirtæki, þurfa að vera metnir hæfir eigendur af FME, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Einn helsti kostur þess að setja eignarhluti í opið söluferli er, að ákveðin vissa fæst

um verð eignarhlutarins, þar sem verðhugmyndir myndast snemma í söluferlinu. Sala á tilteknum hlut til fagfjárfesta gæti verið undanfari skráningar á markað og jafnvel auðveldað sölu á frekari eignarhlut til erlendra banka. Eignarhlutur í innlendum fjármálafyrirtækjum gæti verið fýsilegur fjárfestingarkostur fyrir fagfjárfesta þar sem gjaldeyrishöftin hafa takmarkað fjárfestingarkosti þeirra.

■ Endurskipulagning, sala rekstrar eða sameining við önnur fjármálafyrirtæki

Bankasýsla ríkisins útilokar ekki að hámarka megi verðmæti eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtæki með endurskipulagningu þess, sölu rekstrar eða sameiningu við annað fjármálafyrirtæki. Nærtækasta dæmið er nýleg sala rekstrar Sparisjóðs Svarfdæla.

■ Sérstakar arðgreiðslur

Við stofnun „nýju“ bankanna setti FME skilyrði um að þeir greiddu ekki út arð á fyrstu þremur árum nýs eignarhalds, en senn líður að lokum þess tímabils. Það er hlutverk bankaráða að leggja arðgreiðslur til við hluthafafund. Fjármálafyrirtæki geta greitt arð ef eiginfjárstaða þeirra er sterk og rekstur stöðugur.

■ Útgáfa á skiptanlegum skuldabréfum

Útgáfa á ríkisskuldabréfum skiptanlegum í ákveðna eignarhluti (*exchangeable bonds*) er einnig vænlegur kostur, hvort sem er á undan, samhliða eða eftir skráningu eignarhluta á markað. Útgáfa slíkra bréfa myndi lækka vaxtakostnað ríkisins og svo heildarskuldir, þegar fjárfestar breyta skuldabréfum í eignarhluti. Hægt er að skrá slík skuldabréf á markaði, þrátt fyrir að viðkomandi eignarhlutir séu ekki skráðir, og auðvelt er fyrir ríkið að gefa út slík skuldabréf án mikillar fyrirhafnar í framtíðinni. Helsti galli þessarar leiðar er sá að erfitt getur verið að verðleggja slík skuldabréf.

Tilhögun sölufærlis

■ Forsendur sölufærlis

Fjármálaráðuneytið gaf út ritið *Ríkisbúskapurinn 2012-2015* í október á síðasta ári. Í ritinu kemur fram sú megináhersla fjármálaráðherra við sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum að ríkið sé tilbúið til að losa að fullu um eignarhluti sína í Arion banka hf. og Íslandsbanka hf., en ekki standi til að eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum hf. fari niður fyrir 66–75% í nánustu framtíð.

Í ritinu kemur einnig fram, að ríkið áætli að afla 31 milljarðs króna með sölu ríkiseigna á árunum 2012-2015 og jafnframt fá 8 milljarða króna greidda í arð á sama tímabili. Gera áætlanir ráð fyrir 7 milljarða söluhagnaði árið 2012 og síðan 8 milljarða söluhagnaði árlega á tímabilinu 2013-2015, auk árlegra arðgreiðslna að fjárhæð 2 milljarðar króna. Í áætlunum um söluhagnað er sérstaklega litið til sölu eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

Endurheimtur eignarhluta ríkisins eru einnig háðar öðrum forsendum, sem Bankasýsla ríkisins getur ekki haft áhrif á, eins og ytri áhrifaþáttum á rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu bankanna, stöðu á innlendum og alþjóðlegum fjármálamörkuðum, áætlunum meðeigenda ríkisins í bönkunum og væntanlegra kaupenda, afléttingu gjaldeyrishafta, ákvæðum hluthafa- og fjármögnunarsamninga bankanna og afstöðu eftirlitsaðila.

■ Upphaf sölufærlis

Lögum samkvæmt ber Bankasýslu ríkisins að gera tillögur til fjármálaráðherra um hvort og hvenær tilteknir eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum verða seldir og að undirbúa og vinna tillögur um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum, sbr. ákvæði 4. gr. Bankasýslulaganna.

Ef stjórn Bankasýslu ríkisins mælir með sölu á eignarhlut, er rökstudd tillaga þar að lútandi send ráðherra til ákvörðunar. Í tillögunni yrðu kostir og gallar þess að selja ákveðinn eignarhlut metnir, svo og mögulegar söluaðferðir. Ef ráðherra ákveður að selja eignarhlutinn mun stofnunin undirbúa og vinna sölutillögur, sbr. ákvæði 4. gr. Bankasýslulaganna.

■ Tímasetning sölufærlis

Hugmyndir Bankasýslu ríkisins um sölu eignarhluta í fjármálafyrirtækjum eru í fullu samræmi við megináherslur og fjárhagsáætlanir ríkisins eins og þær birtast í ritinu *Ríkisbúskapurinn 2012-2015*. Telur stofnunin ekki ráðlegt að ráðast í sölu eignarhluta áður en afkoma fjármálafyrirtækjanna fyrir árið 2011 liggur fyrir og áhrif nýlegs dóms Hæstaréttar nr. 600/2011 eru ljós.

Bankasýsla ríkisins telur hyggilegt að ráðast fyrst í sölu minnstu eignarhluta, sem stofnunin fer með, og selja síðar stærri eignarhluti, og þá jafnvel í nokkrum áföngum. Í þessu felst að fyrst verður ráðist í sölu eignarhlutar í Íslandsbanka hf., en þó ekki fyrr en í fyrsta lagi á síðari hluta þessa árs. Stofnunin gerir ekki ráð fyrir að sala eignarhluta í Arion banka hf. og í Landsbankanum hf. hefjist fyrr en á næsta ári og að sala í Landsbankanum hf. verði jafnvel framkvæmd í nokkrum áföngum. Telur

Bankasýslan rétt að varlega sé stigið til jarðar þangað til horfur batna á fjármálamörkuðum. Bankasýslan hefur þegar hafið ráðstöfun á stofnfjárlutum í sparisjóðunum, sbr. sölu rekstrar Sparisjóðs Svarfdæla. Eftirfarandi tafla sýnir hvenær sala eignarhluta í tilteknum fjármálafyrirtækjum gæti verið framkvæmd:

Tafla 2: Hugmyndir um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum

Fjármálafyrirtæki	Eignarhlutur	Árið 2012		Árið 2013		Árið 2014	
		Fyrri hluti	Síðari hluti	Fyrri hluti	Síðari hluti	Fyrri hluti	Síðari hluti
Sparisjóðirnir	49,5-90,9%	[Redacted]					
Íslandsbanki hf.	5,0%	[Redacted]					
Arion banki hf.	13,0%	[Redacted]					
Landsbankinn hf.	81,3%	[Redacted]					

■ Landsbankinn hf.

Eignarhlutur ríkisins (81,3%) í Landsbankanum hf. er langstærsta eign, sem Bankasýsla ríkisins fer með, en í ríkisreikningi fyrir árið 2010 er hann bókfærður á 122 milljarða króna. Bankasýsla ríkisins telur við núverandi aðstæður ekki rétt að gera ráð fyrir að sölumeðferð á eignarhlut í Landsbankanum hf. hefjist fyrir en á árinu 2013.

Í fyrsta lagi, ríkir enn óvissa um endanleg áhrif dóms Hæstaréttar Íslands nr. 600/2011 á verðmæti eigin fjár í fjármálafyrirtækjum á Íslandi. Í öðru lagi, liggur enn ekki fyrir uppgjör bankans á svokölluðu skilyrta skuldabréfi, sem gefið verður út til Landsbanka Íslands hf. („gamla“ bankans). Hlutur Landsbanka Íslands hf. í Landsbankanum hf., sem nú er 18,7%, færist þá til ríkisins í hlutfalli við fjárhæð skuldabréfsins. Endanlegur eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum hf. og verðmæti heildarhlutafjár hans mun því ekki liggja fyrir fyrir en í lok þessa árs. Fyrir en uppgjör skilyrta skuldabréfsins liggur fyrir er ekki vitað hversu stóran hlut Bankasýsla ríkisins getur selt í Landsbankanum hf. þannig að tryggt sé að eignarhald ríkisins fari ekki niður fyrir 66-75% í nánustu framtíð. Í þriðja lagi liggur ekki fyrir niðurstaða gerðardóms um verðmæti þeirra eigna og skulda sem Landsbankinn hf. tók yfir hjá SpKef sparisjóði. Í þessu sambandi má geta að endanleg áhrif dóms Hæstaréttar Íslands nr. 600/2011 gætu einnig haft áhrif á virði skilyrta skuldabréfsins og yfirtekinnna eigna SpKef sparisjóðs. Í fjórða lagi hefur endurreisn innlends hlutabréfamarkaðar gengið hægt. Telur Bankasýsla ríkisins engan ávinning í því að fara of skjótt af stað með jafnstórt frumútboð og skráning Landsbankans hf. yrði, verði sú söluaðferð fyrir valinu. Í fimmta og síðasta lagi er verðmat á alþjóðlegum bönkum á hlutabréfamörkuðum enn með lægra móti.

■ Arion banki hf.

Eignarhlutur ríkisins (13%) í Arion banka hf. er næst stærsti eignarhlutur, sem Bankasýsla ríkisins fer með, en Kaupskil ehf. fer með 87% eignarhlut í bankanum. Bankasýsla ríkisins telur ráðlegt að huga að sölu eignarhlutarins árið 2013, að því gefnu að skilyrði til sölu séu hagstæð.

Við yfirtöku ríkisins á eignarhlut í Arion banka hf. í kjölfar uppgjors við skilanevnd Kaupþings hf. var gert hluthafasamkomulag⁵, sem tryggir hvorum hluthafa fyrir sig ákveðinn rétt. Íslenska ríkið hefur t.d. rétt á að ganga inn í sölu eignarhluta Kaupskila ehf. í bankanum (*tag along rights*) og Kaupskil ehf. hafa á móti rétt á því að taka hlut Bankasýslu ríkisins inn í sölu sinna eignarhluta (*drag along rights*). Kaupskil ehf. hefur einnig kauprétt á hlut ríkisins í Arion banka hf. Eru ákvæði þessa samkomulags í fullu samræmi við ákvæði almennra hluthafasamkomulaga.

Ráðist Kaupskil ehf. í sölu á eignarhlut sínum er því líklegt að eignarhlutur ríkisins verði seldur samhliða, sbr. ákvæði hluthafasamkomulagsins, þar sem kaupandi er líklegur til að vilja eignast allan bankann og íslenska ríkið vill ekki læsast inni með lítinn eignarhlut.

Í ljósi þessa samkomulags og minni hluta eignar ríkisins í Arion banka hf. er ekki líklegt að Bankasýsla ríkisins muni leiða sölu hans, en getur samt skuldbindingalaust selt hlut sinn í bankanum. Er ekki ólíklegt, að ef fram koma áhugasamir kaupendur að bankanum í heild sinni muni Bankasýsla ríkisins eiga í góðu samstarfi við Kaupskil ehf. um sölu hans, svo og stjórnendur bankans sjálfs.

■ Íslandsbanki hf.

Eignarhlutur ríkisins (5,0%) í Íslandsbanka hf. er minnsti eignarhlutur, sem Bankasýsla ríkisins fer með í viðskiptabanka, en ISB Holding ehf. fer með 95,0% eignarhlut í bankanum. Bankasýsla ríkisins telur ráðlegt að huga að sölu eignarhlutarins í fyrsta lagi á síðari hluta þessa árs, að því gefnu að skilyrði til sölu séu hagstæð.

Aðkoma ríkisins að eignarhaldi í Íslandsbanka hf. er um margt svipuð eignarhaldi ríkisins í Arion banka hf., sbr. hluthafasamkomulag⁶, sem gert var á milli sammingsaðila. Ef fram koma áhugasamir kaupendur að bankanum eða eignarhlut ríkisins muni Bankasýsla ríkisins eiga einnig í góðu samstarfi við ISB Holding ehf., og stjórnendur Íslandsbanka hf. vegna sölunnar.

■ Sparisjóðir

Þrátt fyrir að stofnfjárhlutir ríkisins í sparisjóðunum fimm séu töluvert lægri að fjárhæð en eignarhlutir í viðskiptabönkunum þremur, er umfang umsýslu þeirra mikið. Bankasýsla ríkisins hefur þegar ráðstafað eignarhlut sínum í Sparisjóði Svarfdæla með óbeinum hætti, en sala á rekstri

⁵ Sjá http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/adarskyrslur/Shareholders%27-Agreement-Arion--Signed-03-09-2009_non-confid.pdf.

⁶ Sjá <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/adarskyrslur/ISB-SHA.pdf>.

sparisjóðsins til Landsbankans hf. var samþykkt á stofnfjárfahafafundi 24. janúar sl. Stofnunin gegnir lykilhlotverki í stofnfjárfahafahóp hvers sparisjóðs.

Bankasýsla ríkisins hefur frá því að hún fékk eignarhluti í sparisjóðum til umsýslu átt í miklum samskiptum við hagaðila sparisjóðakerfisins með það að markmiði að tryggja áframhaldandi starfsemi þeirra, að því gefnu að rekstrarhæfi sé til staðar. Bankasýslan hefur m.a. athugað (a) sameiningu sparisjóða, (b) sölu stofnfjárhluta til nýrra fjárfesta og (c) sölu rekstrar þeirra í tengslum við endurskipulagningu, sbr. sölu rekstrar Sparisjóðs Svarfdæla.

Viðauki: Alþjóðlegur samanburður - sala eignarhluta norska ríkisins í fjármálafyrirtækjum frá árinu 1991


Söguleg reynsla af sölu eignarhluta í íslenskum fjármálafyrirtækjum sýnir hversu mikilvægt er að sátt ríki um þær leiðir sem farnar verða í söluferlinu og að byggt sé á aðferðum sem gefist hafa vel við sambærilegar aðstæður í öðrum ríkjum.

Við umræðu um mögulega sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum er því mikilvægt að líta til reynslu annarra landa sem tekist hafa á við sambærilegar áskoranir, meta hvað hafi reynst þar vel og hvaða lærdóm sé unnt að draga og nýta í því ferli sem framundan er hér á landi.

Skýringarmyndin fyrir neðan sýnir þróun á eignarhaldi norska ríkisins í DnB, Christiania bank & Kreditkasse og Fokus bank frá 1991 og eignarhaldi þess íslenska í Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. frá 2008. Þegar rætt er um samanburð við Noreg ber þess að geta, að erfitt er að tímasetja upphaf norsku bankakreppunnar eins vel og þeirrar íslensku, en norska bankakreppan átti sér mun lengri aðdraganda. Í ljósi þess hversu skjótt íslensku bankakreppuna bar að, má einnig líta svo á að eignarhald ríkisins í bönkunum í lok árs 2008 hafi í raun verið tímabundin ráðstöfun.

Skýringarmyndin sýnir að norska ríkið losaði jafnt og þétt um eignarhlut sinn í Christiania bank & Kreditkasse og hélt á um þriðjungshlut þegar hann var seldur til Danske Bank árið 2000. Norska ríkið hreyfði hins vegar lítið við hlut sínum í Fokus bank fyrst um sinn, en seldi þó bankann í einu lagi í almennu hlutafjárútbóði árið 1995. Fokus bank var síðan keyptur af Nordea samsteypunni árið 1999. Fyrst um sinn jók norska ríkið hlut sinn í DnB en seldi svo jafnt og þétt á tíu ára tímabili. Í árslok 2011 hélt norska ríkið á um þriðjungs eignarhlut í bankanum.

Skýringarmynd 1: Þróun á eignarhlut norska og íslenska ríkisins í bönkum frá þeim tíma sem þeim voru lögð til eiginfjárframlög í kjölfar bankakreppu



Hér hefur verið tekið dæmi frá Noregi. Bankasýsla ríkisins leggur hins vegar ríka áherslu á að líta ekki einungis til reynslu Norðmanna, eða annarra Norðurlanda, heldur einnig til fleiri þjóða þegar þessi mál eru skoðuð. Bankakreppan á Norðurlöndum var mun minni en sú sem Ísland hefur þurft að glíma við. Endursala á eignarhlutum norræna ríkja í fjármálafyrirtækjum átti sér einnig stað á tímum almennrar efnahagssuppsveiflu í heiminum. Þá er nokkuð langt um liðið síðan bankakreppan var á Norðurlöndum. Því telur Bankasýsla ríkisins ekki síður mikilvægt að líta til reynslu Asíuríkja, sem glímdu við svipaða bankakreppu á seinni hluta tíunda áratugar síðustu aldar eins og Ísland nú, svo og annarra Evrópulanda, sem glíma við bankakreppu á sama tíma og Ísland.